

Júní 2024



Matvælastefna Íslands

Aðgerðaáætlun matvælastefnu



Stjórnarráð Íslands
Matvælaráðuneytið

Matvælastefna Íslands
Aðgerðaáætlun matvælastefnu

Útgefandi:
Matvælaráðuneytið

Umbrot og textavinnsla:
Matvælaráðuneytið
www.mar.is — mar@mar.is

Júní 2024

©2024 Matvælaráðuneytið
ISBN 978-9935-551-08-5

stjornarradid.is

Efnisyfirlit

Inngangur	4
1. Sjálfbærni matvælaframleiðslu	6
Viðfangsefni	6
Stefnumið	6
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	7
Aðgerðir	8
2. Samfélag	10
Viðfangsefni	10
Stefnumið	10
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	11
3. Fæðuöryggi	12
Viðfangsefni	12
Stefnumið	12
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	12
Aðgerðir	13
4. Matvælaöryggi	14
Viðfangsefni	14
Stefnumið	14
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	15
Aðgerðir	15
5. Þarfir neytenda	17
Viðfangsefni	17
Stefnumið	17
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	17
6. Rannsóknir, nýsköpun og menntun	18
Viðfangsefni	18
Stefnumið	18
Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins	19
Aðgerðir	20



Inngangur



Matvælastefna Íslands til ársins 2040 var samþykkt á Alþingi í júní 2023.

Matvælastefnu er ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að aukinni verðmætasköpun í matvælaframleiðslu hér á landi, tryggja fæðu- og matvælaöryggi og auka velferð fólks í sátt við umhverfi og náttúru. Hér á landi eru tækifærin mörg og mikilvægt að nýta þau með samræmdum aðgerðum.

Aðgerðaáætlun matvælastefnu er samantekt úr stefnumótun sem undir hana fellur, ásamt aðgerðum sem ná til þeirra málaflokka sem eru á ábyrgð matvælaráðuneytisins. Sérstækar aðgerðaáætlanir á einstökum málefnasviðum eru:

-
- Aðgerðaáætlun Land og líf – landgræðsluáætlunar og landsáætlunar í skógrækt 2022-2026.
-
- Aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu (í vinnslu).
-
- Aðgerðaáætlun stefnu um uppbyggingu og umgjörð lagareldis (í vinnslu).
-
- Aðgerðaáætlun sjávarútvegsstefnu (í vinnslu).
-

Í köflunum hér á eftir er annars vegar lýst stefnumiðum hvers kafla úr Matvælastefnu Íslands til ársins 2040 ásamt því að dregið er fram hvernig aðrar aðgerðaáætlanir matvælaráðuneytisins vinna að þeirri framtíðarsýn og áherslum sem fram koma í matvælastefnu. Aðgerðaáætlanirnar sem vitnað er í eru enn í vinnslu fyrir utan aðgerðaáætlun Land og líf sem gefin var út árið 2022. Í aðgerðaáætlun þessari eru jafnframt fimm aðgerðir sem liggja þvert á aðrar undirstefnur og vinna við þær er hafin eða ákveðið hefur verið að hefja þá vinnu og þær að mestu eða öllu leiti fjármagnaðar. Gerð er ítarlegri grein fyrir þeim í undirköflum, en yfirheiti þeirra eru:

1. Söfnunarkerfi fyrir dýraleifar.
2. Stöðumat markmiða um verndun líffræðilegrar fjölbreytni.
3. Mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu.
4. Matvælaeftirlit verði samræmt.
5. Árangur af stuðningi Matvælasjóðs mældur.

Þessi aðgerðaáætlun miðast við næstu fimm ár. Áætlunin verður yfirfarin og endurskoðuð árlega og uppfærð ef þörf þykir. Aðgerðaáætlunin var í opnu samráði á Samráðsgátt stjórnsvalda í febrúar 2024 þar sem bárust alls 18 umsagnir. Tekið var tillit til þeirra eins og kostur var og verða umsagnir hafðar til hliðsjónar við árlega yfirferð.



1. Sjálfbærni matvælaframleiðslu



Viðfangsefni

Matvælaframleiðsla fyrir sístækkandi samfélög um heim allan er áskorun sem allar þjóðir standa frammi fyrir. Þekking á áhrifum matvælaframleiðslu á loftslag, vistkerfi og náttúru-auðlindir er vaxandi og við vitum að hún á umtalsverðan hlut í neikvæðum áhrifum á náttúruna. Aðgerðir sem hafa það að markmiði að stemma stigu við losun gróðurhúsalofttegunda, takmarka neikvæð áhrif á vistkerfi og líffræðilega fjölbreytni og efla hringrásarhagkerfi vegna fæðuframleiðslu eru afar brýnar. Matvælaframleiðsla á Íslandi er stór hluti af hagkerfinu og getur lagt mikið af mörkum til þess að gera betur varðandi alla þessa þætti.

Stefnumið

- Grunnur sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda verði styrktur með betri kortlagningu á vistkerfum og skýr viðmið verði sett fyrir sjálfbæra nýtingu að teknu tilliti til ástands og virkni vistkerfa.
- Viðkvæm og mikilvæg vistkerfi í hafi og á landi verði vernduð með fullnægjandi hætti.
- Rannsóknir og vöktun lykilumhverfispáttá verði tryggð, til að sjá fyrir, eins og kostur er, möguleg áhrif loftslagsbreytinga á lífríkið, matvælaframleiðslu og fæðuöryggi.
- Þrýst verði á aukinn samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda vegna matvælaframleiðslu, m.a. með orkuskiptum og breyttum framleiðsluháttum.
- Hringrásarhagkerfið verði stutt með rannsóknum og þróun í fullvinnslu og fullnýtingu afurða og stuðlað verði að minni matarsóun og minna kolefnisspori matvælaframleiðslu.

-
- Hvatt verði til þess að kolefnisjöfnun þess hluta losunar matvælaframleiðslu sem ekki tekst að koma í veg fyrir verði stunduð með ábyrgum hætti í samræmi við viðurkennda staðla, þar sem saman fer verndun lífríkis og loftslags.
-

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

Í drögum að sjávarútvegsstefnu segir:

- Grunngildi í drögum um stefnu um sjávarútveg er sjálfbærni, hagkvæmni, fyrirsjáanleiki, og gagnsæi, en grunngildunum er ætlað að vera leiðarljós stefnu um sjávarútveg.
 - Til þess að mæta því að nýting og stjórnun auðlinda sjávar sé sjálfbær og byggja á öflugum grunnrannsóknnum og upplýsingum um náttúrulega þætti í lífríki hafsins eru framlög í fjármálaáætlun 2024-2028 aukin til hafrannsóknna og fiskveiðieftirlits um 3 ma.kr. á tímabilinu með það að markmiði að skapa sjávarútvegi skilyrði til aukinnar verðmætasköpunar með sjálfbæra nýtingu og vistkerfisnálgun að leiðarljósi.
 - Byggt á kortlagningu vistgerða/vistkerfa verða settar fram tillögur um verndun svæða í hafi í samræmi við löggjöf um nýtingu nytjastofna sjávar. Skilgreint verður hvaða stjórnunaraðgerðir teljast uppfylla kröfur til annarrar virkra svæðisverndar í hafi – OECM, með hliðsjón af leiðbeiningum alþjóðastofnana.
-

Í drögum að aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu segir:

- Til stendur að hefja vinnu við heildarendurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins en núgildandi búvörusamningar gilda út árið 2026. Við mótun nýs stuðningskerfis verður horft til þess að aukin áhersla verði á loftlagsmál og samdrátt í losun frá landbúnaði í samræmi við markmið landbúnaðarstefnu.
 - Unnið verði að því að móta gæðakröfur vegna lífræns áburðar í fóður- og matvælaframleiðslu.
-

Í drögum að aðgerðaáætlun lagareldisstefnu segir:

- Að lagareldi verði stjórnað á grundvelli skilgreindra mælikvarða sem koma í veg fyrir að greinin hafi neikvæð áhrif á umhverfi sitt, hvort heldur er á vistkerfi eða villta stofna, og sem tryggja að dýravelferð og sjúkdómar séu með besta hætti á heimsvísu.
-

Í aðgerðaáætlun Land og líf segir:

- Unnið er að gerð og innleiðingu reglugerðar um sjálfbæra landnýtingu í samræmi við lög um landgræðslu og aðgerðaáætlun Land og líf. Sú reglugerð tekur til bæði búfjárbætur og akuryrkju í landbúnaði.
 - Aðgerðir stjórnvalda á sviði loftslagsmála birtast í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftslagsmálum. Þar eru skilgreindar aðgerðir til að draga úr losun frá öllum greinum matvælaframleiðslu. Gert er ráð fyrir að uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum verði gefin út fyrri hluta árs 2024.
 - Unnið verður að áhættu- og viðkvæmnimati fyrir sjávarútveg, landbúnað og lagareldi sem verði liður í stefnu stjórnvalda um aðlögun að loftslagsbreytingum.
 - Fyrir liggur tillaga að aðferðafræði við mat á kolefnisspori matvælaframleiðslu á Íslandi og útreikningur á losun helstu framleiðslugreina í skýrslunni Kolefnisspor matvælaframleiðslu. Nokkuð skortir á að öll nauðsynleg gögn séu tiltæk. Landnotkun er ekki tekin með í útreikninga þar sem það á við, en unnið verður að því að skilgreina hvernig landnotkun er reiknuð inn í kolefnisspor matvælaframleiðslu. Þessi greining er nauðsynleg ef ná á markmiði Matvælastefnu um að matvælaframleiðsla verði kolefnishlutlaus árið 2040.
 - Settar verða reglur um þjóðskóga og landgræðslusvæði í samræmi við lög um skóga og skógrækt og lög um landgræðslu. Lagt verður mat á hvort slík vernd uppfylli kröfur til annarrar virkrar svæðisverndar á landi.
-

Aðgerðir

Söfnunarkerfi fyrir dýraleifar

Aðgerðin felur í sér að komið verði á skipulögðu og samræmdu söfnunarkerfi fyrir landið allt í þeim tilgangi að safna dýraleifum, hindra útbreiðslu dýrasjúkdóma og nýta hráefnið til verðmætasköpunar.

Lýsing: Aðgerðin er mikilvægur liður í hindrun útbreiðslu dýrasjúkdóma líkt og riðu, og að auki liður í því að bæta fyrir þau brot sem íslensk stjórnvöld fengu dæmd á sig í samningsbrota máli fyrir EFTA-dómstólnum og koma til móts við þær úrbótakröfur sem Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) hefur beint til íslenskra stjórnvalda í þessum málaflokki um árábil.

Dýraleifum sauð- og geitfjár auk nautgripa úr áhættuflokki 1 verður safnað á landsvísu, smitefni fjarlægð, sýni vegna dýrasjúkdóma (TSE) tekin úr þeim og þau flutt á viðeigandi úrvinnslustöð/líforkuver til frekari meðhöndlunar eða úrvinnslu.

Sláturúrgangi sem fellur til á sauðfjár- og nautgripabúum verður einnig safnað og komið í vinnslu. Efnið er unnið og eftir standa fita og kjötmjöl sem hægt er að nýta frekar, eins og t.d. í lífdísil.

Samstarfsaðilar: Umhverfisráðuneytið (og félagið Líforkuver ehf.)

Tímarammi: 2026

Árangursvísir: Fullunninn tillaga að samræmdu söfnunarkerfi dýraleifa. Tillagan verður nýtt til þess að meta framhald og kostnað við að innleiða kerfið.

Fjármögnun: Fyrsti fasi verkefnisins sem felst í fullbúinni tillögu að útfærslu fyrir samræmt söfnunarkerfi dýraleifa í áhættuflokki 1 á landsvísu er fjármagnaður af MAR og URN (50 milljónir sem skiptist jafnt á milli ráðuneytanna).

Stöðumat markmiða um verndun líffræðilegrar fjölbreytni

Aðgerðin felur í sér að leggja mat á stöðu innan málaflokka MAR gagnvart markmiðum Samnings SP um líffræðilega fjölbreytni.

Lýsing: Stefnumörkun sáttmálans um líffræðilega fjölbreytni (e. Convention on biological diversity — CBD) skilgreinir fjögur meginmarkmið til ársins 2050 og 23 markmið til 2030. Staða Íslands gagnvart þessum markmiðum liggur ekki fyrir, en til að vinna heildstætt að þeim er nauðsynlegt að greina stöðuna og skilgreina áskoranir og tækifæri. Dæmi um þessi markmið eru:

- Markmið 2. Fyrir árið 2030 skuli 30% allra hnignaðra vistkerfa komin í virka endurheimt.
 - Markmið 3. Fyrir 2030 skuli 30% allra svæða, sérstaklega svæða sem eru mikilvæg m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu vistkerfa komin í vernd eða undir virka stjórnun.
 - Markmið 18. Draga úr niðurgreiðslum sem geta haft neikvæð áhrif á líffræðilega fjölbreytni. Auka hvata sem geta verið jákvæðir fyrir sjálfbæra nýtingu.
-

Samstarfsaðilar: Hafrannsóknastofnun, Land og skógur.

Tímarammi: 2025

Árangursvísir: Staða

Fjármögnun: Fjármagnað



2. Samfélag



Viðfangsefni

Matvælaframleiðsla á Íslandi er undirstöðuatvinnugrein sem byggir öðru fremur á þremur frumframleiðslugreinum, þ.e. landbúnaði, sjávarútvegi og fiskeldi. En matvælaframleiðsla teygir anga sína mun víðar. Vinnsla afurða, nýting þeirra og kaup á margvíslegri þjónustu sem tengist framleiðslunni margfalda efnahags- og samfélagsleg áhrif atvinnugreinanna. Um land allt hefur sprottið upp fjölbreytt starfsemi þar sem stórir og smáir framleiðendur nýta grunn hráefni úr íslenskri náttúru. Þá hefur verið mikill vöxtur í nýjum greinum og hliðargreinum, sem nýta auðlindir og hliðarhráefni á annan hátt en frumframleiðendurnir. Í þessum greinum liggja mikil tækifæri til enn frekari vaxtar með tilheyrandi samlegðaráhrifum með frumframleiðslugreinunum. Mikilvægt er að matvælaframleiðsla sem byggir á nýtingu auðlinda taki m.a. mið af samfélagsgæðum og jöfnuði, óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu.

Stefnumið

- Skýr lagalegur rammi og starfsumhverfi sem styður við verðmætasköpun á grunni sjálfbærrar nýtingar verði tryggður í innlendri matvælaframleiðslu.
- Skilvirk stjórnsýsla og eftirlit til að styðja við matvælaframleiðslu á grunni sjálfbærrar nýtingar verði tryggð með skýrum, gagnsæjum og einföldum ferlum.
- Stuðlað verði að eflingu og þróun matvælaframleiðslu og tengdra starfa sem byggist á sérstöðu og styrkleika byggða um allt land, þar sem tækifæri fjórðu iðnbyltingarinnar verði nýtt með sjálfbæra þróun að leiðarljósi.

-
- Tryggja þarf uppbyggingu innviða um allt land sem geri fyrirtækjum í matvælaframleiðslu og nýtingu náttúruauðlinda kleift að fjárfesta og próast óháð staðsetningu.
-
- Tryggja þarf að því að endurnýjanleg orka verði aðgengileg fyrirtækjum í matvælaframleiðslu hvort heldur í hefðbundnum eða nýjum greinum.
-
- Staða jafnréttis verði greind í matvælaframleiðslu frá víðu sjónarhorni og tryggt verði að þau gögn sem til eru gefi sem réttasta mynd af stöðunni.
-

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

-
- Í frumvarpi til laga um lagareldi er lagt til að fyrirkomulagi fiskeldissjóðs verði breytt. Þar er lagt til að úthlutað verði úr sjóðnum í samræmi við fyrir fram skilgreinda mælikvarða, en sveitarfélögum verði svo í sjálfsveld sett hvernig þau verja fjármunum sem þau hljóta. Við útreikning á skiptingunni verði í fyrsta lagi litið til hlutdeildar sjókvíaeldis innan hvers landshluta í heildargjaldstofni til álagningar gjalds. Þegar hlutfall hvers landshluta hefur verið reiknað út skal því næst reikna skiptingu úthlutunarfjár milli sjókvíaeldisbyggða samkvæmt nánari fyrirmælum sem sett verða í reglugerð.
-
- Fyrir liggur að gildandi samningar um stuðning við landbúnað renna út í árslok 2026. Til stendur að móta nýjar áherslur vel fyrir þann tíma og í þeirri vinnu verður tekið mið af stefnumiðum kaflans.
-

Í drögum að sjávarútvegsstefnu segir:

-
- Sjávarútvegur er burðarás í atvinnulífi í mörgum sveitarfélögum og mikilvægt sé að huga að því hvaða matvæli eru aðgengileg í nærumhverfi. Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar segir að fólk þurfi að eiga raunverulegt val um hvar það býr og starfar, því er: „lögð er áhersla á að styðja við frjótt umhverfi um allt land, þannig að grónar atvinnugreinar geti dafnað og nýskapandi hugsun laðað fram ný tækifæri“.
-
- Áhersla skal lögð á jafnrétti í allri matvælaframleiðslu og að nýting auðlinda taki m.a. mið af jöfnuði, óháð efnahag, kyni, uppruna og búsetu. Hagur heildarinnar verði þannig hafður að leiðarljósi við nýtingu auðlinda. Sjávarútvegur hefur hingað til verið karllæg atvinnugrein og þar starfar hærra hlutfall karla en kvenna, eins og í öllum greinum matvælaframleiðslu en árið 2021 voru karlar 70% starfsfólks í matvælaframleiðslu. Ljóst er að töluvert ójafnvægi er milli kynja í sjávarútvegi og því er lögð áhersla á að auka fjölbreytni þess hóps fólks sem starfar í sjávarútvegi til framtíðar.
-

3. Fæðuöryggi



Viðfangsefni

Atburðir á heimsvísu síðustu ár hafa beint kastljósinu í auknum mæli að fæðuöryggi. Auka þarf árvekni um fæðuöryggi á Íslandi, tryggja að við verðum minna háð innfluttum hráefnum og aðföngum og styrkja fjölbreytta innlenda matvælaframleiðslu. Áhersla á hringrásarhagkerfið og sjálfbærni í framleiðslu styrkir stoðir fæðuöryggis landsins. Neyðarbirgðahald er einnig mikilvægt til að styrkja viðnáms- og áfallapol samfélagsins.

Stefnumið

- Stoðir fæðukerfa og fæðuöryggis landsins verði styrktar með því m.a. að styðja við nýsköpun í matvælaframleiðslu og stuðla að aukinni sjálfbærni innlendar framleiðslu með tilliti til aðfanga auðlindanýtingar og hringrásarhagkerfis.
- Áhersla verði lögð á að minnka losun vegna matvælaframleiðslu og auka framleiðslu matvæla með lágu kolefnisspori, sem byggist á lífsferilsgreiningu og mati á kolefnisspori framleiðslunnar.

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

- Samkvæmt drögum að aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu verður unnið að því að efla kornrækt á Íslandi. Vinnan byggir á tillögum að aðgerðaáætlun til eflingar kornræktar á Ísland sem unnin var af starfshópi á vegum Landbúnaðarháskóla Íslands og birtist í skjalinu Bleikir akrar.

-
- Til stendur að hefja vinnu við heildarendurskoðun á stuðningskerfi landbúnaðarins en núgildandi búvörusamningar gilda út árið 2026. Heildarendurskoðun verður unnin í samræmi við áherslur landbúnaðarstefnu og miða m.a. að því að styrkja og fjölga stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærar nýtingar í þágu loftlagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun og að stuðningur við landbúnað skapi stöðugan og traustan grundvöll fyrir innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar.
-

Aðgerðir

Mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu

Aðgerðin felur í sér að skilgreina hvað teljist til neyðarbirgða og skilgreina magn sem nauðsynlegt er að sé til staðar í landinu á hverjum tíma.

Lýsing: Matvælaráðuneytið vinnur að mótun aðgerða um neyðarbirgðahald á matvælum og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu. Verkefnið byggir á greiningum og ábendingum sem koma fram í skýrslu starfshóps um neyðarbirgðir sem kom út í ágúst 2022 varðandi nokkra flokka sem teljast til neyðarbirgða, s.s. matvæla, jarðefnaeldsneytis, lyfja og lækningabúnaðar, viðhaldshluti og þjónustu vegna mikilvægra innviða samfélagsins og hreinlætisvörur og sæfivörur. Hvert ráðuneyti er að skoða sitt verksvið. Vinnan miðar að því að nauðsynlegar birgðir matvæla og nauðsynlegra aðfanga vegna matvælaframleiðslu séu til staðar til þess að tryggja lífsafkomu þjóðarinnar á hættutímum.

Fyrsti hluti vinnunnar er að skilgreina hvaða vörur þurfi að teljast til neyðarbirgða og í kjölfarið skilgreina það magn sem nauðsynlegt er að sé til staðar í landinu á hverjum tíma. Fyrsta tillagan verður sett í opið samráð og síðan endurskoðuð fyrir lokaafgreiðslu. Næsta skref á eftir er að koma á fót fyrirkomulagi þar sem skilgreint stjórnvald geti á hverjum tíma fylgst með hversu miklar birgðir eru til staðar af neyðarbirgðavörum.

Samstarfsaðilar: Embætti landlæknis, Háskóli Íslands og samtök framleiðenda í matvælaframleiðslu, sölu og innflutningi.

Tímarammi: 2024-2025

Árangursvísir: Að fyrir liggi tillaga um hvað eigi að teljast til neyðarbirgða og hversu mikið magn af hverri vöru þurfi að vera til staðar í landinu á hverjum tíma.

Fjármögnun: Fyrsti hluti vinnunnar er fjármagnaður innan ramma fjárlaga.



4. Matvælaöryggi



Viðfangsefni

Neytendur þurfa að geta treyst því að þau matvæli sem í boði eru hér á landi, hvar sem þau eru framleidd, séu heilnæm, örugg og ógni ekki heilsu almennings. Góðir framleiðsluhættir eru lykilatriði í að tryggja matvælaöryggi og heilnæma matvælaframleiðslu. Matvælaöryggi er sannreynt með öflugum eftirliti og vöktun. Einnig þarf að tryggja að framleiðsluhættir séu samkvæmt hugmyndafræði „einnar heilsu“, þar sem horft er til þess að heilbrigði og velferð manna og dýra sé samtengt. Þetta helst í hendur við það mikilvæga verkefni að lágmarka sýklalyfjaónæmi baktería í umhverfi og matvælum hérlandis. Matvælaöryggi er einnig grunnforsenda útflutnings matvæla frá Íslandi. Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið tryggir að sömu forsendur liggja til grundvallar við framleiðslu og dreifingu matvæla og upplýsingagjöf til neytenda í öllum aðildaríkjum samningsins. Þetta eykur jafnframt vægi íslenskrar matvælaframleiðslu í fríverslunarviðræðum þegar horft er til aðgengis að nýjum mörkuðum.

Stefnumið

- Tryggja þarf að matvæli sem framleidd eru hér á landi séu áfram örugg og heilnæm sem og aðflutt matvæli.
- Regluverk og eftirlit verði yfirfarið og samræmt auk þess sem tryggt verði að stjórnsýslan sé einföld, málefnaleg og skilvirk.
- Tryggt verði að matvælaeftirlit í landinu lagi sig að nýjum greinum og framleiðsluaðferðum.
- Hugmyndafræði einnar heilsu verði höfð að leiðarljósi.

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

- Starfshópur á vegum heilbrigðisráðuneytisins, matvælaráðuneytisins og umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins hefur unnið að aðgerðaáætlun um varnir gegn sýkla-lyfjaónæmi. Aðgerðaáætlun starfshópsins liggur fyrir og er nokkuð umfangsmikil. Áætlað er að hún taki gildi árið 2025 ef fjármögnun gengur eftir. Matvælaráðuneytið ber ábyrgð á sjö verkefnum og er aðili að níu. Matvælastofnun er jafnframt ábyrgðar-aðili 20 verkefna og aðili að 21.
- Í aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu er unnið að landsáætlun gegn riðuveiki á Íslandi, þar sem markmiðið er að útrýma riðu í íslensku sauðfé. Áætlunin þarf að lýsa því hvernig standa eigi að útrýmingu riðuveiki hér á landi með ræktun verndandi og mögulega verndandi arfgerða sem leiðandi aðgerð.
- Í stefnumótunardrögum lagareldis til ársins 2040 er aukið áhersla lögð á að halda dýra-sjúkdómum lagardýra í skefjum. Er í stefnunni meðal annars lagt upp með skipulag leyfa verði með þeim hætti að á hverju smitvarnasvæði starfi aðeins einn rekstrar-leyfishafi svo lágmarka megi dreifingu smitsjúkdóma.
- Fylgt verður eftir ábendingum sem birtast í skýrslu Ríkisendurskoðunar um velferð búfjár frá 2023 með það að markmiði að tryggja skilvirka stjórnsýslu við eftirlit með velferð búfjár.

Aðgerðir

Matvælaeftirlit verði samræmt

Aðgerðin felur í sér að samræma matvælaeftirlit um allt land.

Lýsing: Eftirlit með matvælum og starfsleyfum fyrirtækja sem starfa í matvælaiðnaði er á margra höndum, m.a. hjá Matvælastofnun, Umhverfisstofnun og heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga. Nauðsynlegt er að yfirfara og samræma regluverk og eftirlit til að auka skilvirkni og sanngirni í regluverki og eftirliti, draga úr kostnaði og skörun verkefna á milli eftirlitsaðila.

Nýlega var gefin út skýrsla á vegum umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og matvælaráðuneytisins varðandi tillögur um breytt fyrirkomulag eftirlits á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og matvælalaga. Matvælaeftirlit í dag er flókið samspil ellefu stofnana á tveimur stjórnsýslustigum ríkis og sveitarfélaga. Þá eru heilbrigðis-nefndir stjórnvald sveitastjórnarstigi og lúta ekki boðvaldi ráðuneyta eða þeirra miðlægu stofnana ríkisins sem m.a. er ætlað að tryggja samræmi í framkvæmd eftirlits.

Matvælaráðuneytið hefur fengið ráðgjafafyrirtækið KPMG til að kortleggja og ferla-greina öll lögbundin verkefni matvælaeftirlits hér á landi, bæði hjá stofnunum ríkisins og heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Matvælaráðuneytið telur mikilvægt að kortleggja sérstaklega hvernig matvælaeftirlitið birtist eftirlitsþegum. Jafnframt verður horft til þess hvernig hægt er að tryggja samræmt, öruggt og skilvirkt eftirlit í þágu atvinnulífs, eftirlitsþega og almennings. Valkostir verða síðan mótaðir út frá þeirri greiningu og mat lagt á áhrif þeirra á núverandi þjónustu, kostnað og framkvæmd eftirlits. Í framhaldinu verður svo ákveðið hvaða leið verður farin til að samræma matvælaeftirlit á landinu öllu.

Skipaður hefur verið stýrihópur sem leiddur verður af matvælaráðuneytinu og umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu til að rýna skýrsluna ásamt gögnum frá KPMG og koma með tillögu að þeirri sviðsmynd sem best er til þess fallin að tryggja skilvirka framkvæmd eftirlits.

Samstarfsaðilar: KPMG

Tímarammi: Kortlagning eftirlits og ferlagreining fer fram á vormánuðum 2024. Áframhaldið verður í kjölfarið metið.

Árangursvísir: Greining KPMG sem nýtt verður til að meta áframhald verkefnisins.

Fjármögnun: Fyrsti fasi verkefnisins er fjármagnaður, en samningur liggur fyrir við ráðgjafar-fyrirtækið KPMG upp á 12-14 m.kr. Í framhaldinu er gert ráð fyrir 16-18 m.kr. í stefnumótun og mögulega innleiðingar aðgerða.



5. Þarfir neytenda



Viðfangsefni


Ímynd íslenskra matvæla hefur mikil áhrif á val fólks, bæði einstaklinga sem búsettir eru hér á landi og erlendis. Ísland er í góðri stöðu til að vera leiðandi í matvælaframleiðslu þar sem hér er gott aðgengi að hreinu vatni og endurnýjanlegri orku og hreinleiki afurða er í sérflokk. Íslensk matvælaframleiðsla þarf að byggja á gæðum, hreinleika og sjálfbærri nýtingu auðlinda. Mikilvægt er að fyrir liggi greining og upplýsingar um þróun markaða og eftirspurnar.

Stefnumið

- Bæta þarf upprunamerkingu matvæla svo að neytendur séu vel upplýstir um uppruna og innihald matvæla.
- Drifkraftur í framleiðslu komi frá neytendum og þarfir viðskiptavina ráði vöruúrvali.
- Jöfnuður, aðgengi að matvælum og hollusta verði í fyrirrúmi.

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

- Unnið verður að því að gera upplýsingar um þær kröfur sem gerðar eru á merkingar aðgengilegri bæði sem leiðbeinandi tól fyrir framleiðendur og til að auka traust neytenda til merkinga. Matvælaráðuneytið í samstarfi við Matvælastofnun og hagaðila móti aðgerð sem stuðlar að bættri upplýsingagjöf um uppruna og upprunamerkingar matvæla. Aðgerðaáætlunin verður uppfærð þegar framkvæmd og kostnaðarmat liggur fyrir.
- Samningur við Matís fyrir árið 2024 um að viðhalda ÍSGEM gagnagrunninum. Gagnagrunnurinn heldur utan um næringargildi matvæla og tryggir að fólkið í landinu geti nálast traustar og réttar upplýsingar sem eru yfirfarnar af vísindafólki.



6. Rannsóknir, nýsköpun og menntun



Viðfangsefni

Rannsóknir, nýsköpun og hagnýting hugvits eru lykilþættir í því að auka sjálfbærni, fjölbreytni og verðmætasköpun í innlendri matvælaframleiðslu og að fjölga eftirsóknarverðum og verðmætum störfum. Í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna eru miklar breytingar að eiga sér stað í allri virðiskeðju matvæla. Þetta getur skapað bæði mikil tækifæri og áskoranir fyrir Ísland. Ísland mun taka virkan þátt í þessum tæknibreytingum og getur haft leiðandi hlutverk á þeim sviðum þar sem styrkleikar eru í alþjóðlegum samanburði, svo sem í sjávarútvegi og notkun sjálfbærrar orku til framleiðslu. Með því að stunda öflugt rannsóknar- og nýsköpunarstarf styrkjum við samkeppnistöðu Íslands, aukum velsæld og aukum getu samfélagsins til að taka þátt í örum tæknibreytingum. Um leið verðum við betur í stakk búin til að mæta áskorunum sem tengjast því að framleiða meiri mat á sjálfbæran hátt. Lögð verður áhersla á aukið innlent og erlent rannsóknar og þróunarsamstarf, og jafnframt að mæla ávinning stuðnings við rannsóknir fyrir íslenska matvælaframleiðslu. Fjárfesting í menntun og gott framboð á öflugu námi í matvæla- og næringartengdum greinum er grunnforsenda fyrir áframhaldandi samkeppnishæfi íslenskrar matvælaframleiðslu. Því þarf að greina hvaða hæfni þarf til þess að taka þátt í og leiða þær miklu breytingar sem eru að eiga sér stað, bæði í tengslum við fjórðu iðnbyltinguna og á umhverfissviðinu.

Stefnumið

- Stuðningsumhverfi nýsköpunar verði eftir enn frekar og sterkir hvatar tryggðir til að auka rannsóknir og þróun innan íslenskra fyrirtækja og stofnana.
- Skapað verði umhverfi sem laði að hugvit, sérfræðipækkingu og fjárfestingu.
- Árangur af stuðningi við rannsóknir og nýsköpun í matvælaíðnaði verði mældur og lagt verði mat á hverju sá stuðningur skilar fyrir matvælageirann, samfélagið og hagkerfið.
- Hlúð verði að grunnrannsóknum og vöktun lifandi auðlinda og matvæla.
- Greint verði hvaða hæfni, getu og menntun mannauður framtíðar og innviðir þurfi til að mæta bæði þörfum og áskorunum fyrirtækja, nýsköpun og fullnýtingu afurða.

Aðgerðir sem falla undir sértækar undirstefnur eða eru í vinnslu innan ráðuneytisins

- Í drögum að stefnumótun lagareldis er lagt til að Umhverfissjóði sjókvíaelði verði breytt á þann veg að hann nái einnig til menntaverkefna tengd sjókvíaelði. Þá er enn fremur lagt til að úthlutun úr sjóðnum verði breytt svo að hann þjóni betur tilgangi sínum um að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíeldis.

Í drögum að sjávarútvegsstefnu segir:

- Lögð verði áhersla á að auðlindanýting í hafi sé byggð á góðri þekkingu á vistkerfum hafsins og öflugum hafrannsóknum. Veitt hefur verið auknu fjármagni til Hafrannsóknastofnunar til að sinna þessu hlutverki.
- Menntun tengd hafinu leggur grunn að sjálfbærum og framsæknum sjávarútvegi sem er spennandi starfsvettvangur óháð efahag, kyni og uppruna. Að auki kemur fram að greina þurfi til hlítar og vakta lífríki sjávar og vinna að því að rannsóknir verði fordæmi fyrir opnum vísindum sem stuðli að samstarfi og betri nýtingu gagna.

Samningar í gildi sem stuðla að því að ná markmiðum þessum:

- Þjónustusamningur við Matís tryggir lögbærum íslenskum matvælaeftirlitsaðilum öryggisþjónustu, jafnframt tryggir samningurinn að hægt sé að framkvæma rannsóknir á sviði matvælaöryggis vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera.
- Í gildi er samningur milli matvælaráðuneytisins og Landbúnaðarháskóla Íslands um þjónustu á sviði rannsókna, þróunarvinnu og sérhæfðrar ráðgjafar fyrir árin 2023-2024. Samkvæmt samningnum felur matvælaráðuneytið skólanum að vinna

að verkefnum er varða rannsóknir, þróun og nýsköpun á sviði landbúnaðar og matvælaframleiðslu. Fjárframlögum samkvæmt samningnum skal varið til verkefna sem miða að því að styrkja megináherslur í landbúnaði samkvæmt stefnu stjórnvalda.

- Matvælasjóði verði viðhaldið til að tryggja stuðning við frumkvöðla, matvælaframleiðendur og aðra sem nýta afurðir úr landbúnaði og sjávarafurðum.

Aðgerðir

Árangur af stuðningi við Matvælasjóð mældur

Aðgerðin felur í sér að mæla áhrifin af stuðningi Matvælasjóðs við rannsóknir og nýsköpun.

Lýsing: Matvælasjóður var settur á laggirnar árið 2020, árið 2024 verður því fimmta úthlutan sjóðsins og tímabært að skoða áhrif hans á þau verkefni sem hlotið hafa styrk. Gert er ráð fyrir að meta áhrif styrkja á verðmætasköpun, t.a.m. hvort styrkirnir hafi leitt af sér aukinn fjölda starfa, aukna veltu, stofnun nýrra fyrirtækja og fleiri þætti sem gætu sagt til um virði slíks samstarfssjóðs á matvælaframleiðslu og samfélagið allt.

Samstarfsaðilar: Gert er ráð fyrir að utanaðkomandi aðili taki að sér að leggja mat á áhrif sjóðsins.

Tímarammi: Lokið 2025

Árangursvísir: Áhrifamat sjóðsins fyrstu tvö til þrjú árin.

Fjármögnun: Kostnaður við greininguna er áætlaður um 5-10 m.kr. Gert er ráð fyrir að fjármögnun komi úr rekstrarfjármagni sjóðsins.

